Nd. **124. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júní 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson.

Við 17. grein.

a. Aftan við fyrstu málsgrein greinarinnar komi:

Nú er bæjarstjóri (borgarstjóri) einnig bæjarfulltrúi, og er hann þá sjálfkjörinn í fastar nefndir og formaður þeirra. Sje bæjarstjóri (borgarstjóri) ekki bæjarfulltrúi, á hann samt sæti í föstum nefndum innan bæjarstjórnar sem aukamaður, og er formaður þeirra, þótt ekki hafi hann þar atkvæðisrjett.

b. Aftan við 2. málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjarstjórnin kýs á sama fundi og fastar nefndir eru kosnar tvo endurskoðendur bæjarreikninganna og tvo til vara. Gildir kosning þeirra um eitt ár. Bæjarstjórn ákveður laun endurskoðenda og setur þeim erindisbrjef.